

Fylgiskjal: Yfirlit yfir tillögur starfshóps forsætisráðherra um vímuefnavanda barna.

	Tillaga	Markmið	Aðgerð	Ábyrgð / Tími
1	Lagabreytingar um aðgengi barna að heilbrigðisþjónustu¹	Að skýra ábyrgð og tryggja að börn í vistunarúrræðum barnaverndar hafi aðgang að viðeigandi heilbrigðisþjónustu.	Gerðar verði breytingar á barnaverndarlögum sem styrkja lagagrundvöll aðkomu heilbrigðisþjónustu að vistunarúrræðum barnaverndar og skýra ábyrgðarskiptingu milli kerfa.	Mennta- og barnamálaráðuneytið (2025–2026)
2	Stýrihópur um framtíðarskipulag meðferðarúrræða fyrir börn með vímuefnavanda	Að tryggja samhæfingu stjórnvalda og eftirfylgni með uppbyggingu þjónustu við börn með alvarlegan vímuefnavanda.	Skipaður verði stýrihópur sem samhæfir og fylgir eftir tillögum starfshópsins og mótar heildstætt þjónustufyrirkomulag. Hópurinn vinni að skýrri verkaskiptingu og þjónustuferlum milli barnaverndar og heilbrigðisþjónustu og leggi fram tillögur um skipulag, mönnun, gæðaviðmið og fjármögnun.	Forsætisráðuneytið (2026–2027)
3	Eftirlit með starfsemi í þjónustu við börn með vímuefnavanda	Að efla eftirlit með meðferðarúrræðum fyrir börn og tryggja skýra umgjörð rannsóknar alvarlegra atvika.	Gerð verði heildstæð endurskoðun á lagaumhverfi eftirlits með félagslegri velferðarþjónustu og heilbrigðisþjónustu með auknu samstarfi eftirlitsaðila og skýrari rannsóknarheimildum þeirra.	Félags- og húsnæðismálaráðuneytið (2026–2027)
4	Aðgengi að meðferð erlendis	Að tryggja börnum í alvarlegum vímuefnavanda aðgang að sérhæfðri meðferð þar til sambærileg úrræði verða byggð upp á Íslandi.	Gerðir verði samningar við viðeigandi meðferðarúrræði erlendis, tryggt samstarf við barnaverndaryfirvöld í viðkomandi landi og skilgreind viðmið og fjármögnun fyrir tilvísun í slíka meðferð.	Heilbrigðisráðuneytið (2026)
5	Sambætt mat um val á vistunarúrræði	Að tryggja að börn með alvarlegan vímuefnavanda fái viðeigandi þjónustu á réttum stað.	Komið verði á fót þverfaglegu matsteymi Barna- og fjölskyldustofu, barnaverndarþjónustu og Landspítala sem metur þjónustubörf barna og leggur til viðeigandi úrræði, hérlandis eða erlendis eftir atvikum.	Mennta- og barnamálaráðuneytið (2026)
6	Fíknigeðdeild fyrir börn	Að tryggja börnum með alvarlegan vímuefnavanda aðgang að viðeigandi og sérhæfðri heilbrigðisþjónustu.	Unnið verði að uppbyggingu sérhæfðrar fíknigeðdeilda fyrir börn, að undangenginni fýsileikagreiningu. Deildin verði sambætt þjónustueining sem fyllir í núverandi skarð í þjónustukeðjunni.	Heilbrigðisráðuneytið (frá 2027)
7	Heilbrigðisþjónusta í vistunarúrræðum barnaverndar	Að tryggja að börn í neyðarvistun og öðrum meðferðarúrræðum barnaverndar hafi aðgang að viðeigandi heilbrigðisþjónustu.	Skilgreint verði hvernig heilbrigðisþjónusta verði veitt í vistunarúrræðum barnaverndar, þar á meðal ábyrgð, hlutverk heilbrigðisstarfsfólks og samstarf við heilbrigðisstofnanir.	Heilbrigðisráðuneytið (2026–2027)

¹ Ein meginafurð af vinnu starfshópsins eru að breytingar á frumvarpi til nýrra barnaverndarlaga sem styrkja lagagrundvöll sambættar þjónustu barnaverndar og heilbrigðisþjónustu fyrir börn með alvarlegan vímuefnavanda.